

1976 nr. 25 6. maí
Lög um aðild Íslands að samningi um
stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags-
og [framfarastofnunar]¹⁾

¹⁾ L. 98/2009, 7. gr.

Tóku gildi 28. maí 1976. Breytt með: L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórninni skal heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd

samning, dags. 9. apríl 1975, um stofnun aðstoðarsjóðs — Financial Support Fund — á vegum Efnahags- og [framfarastofnunar]¹⁾ (OECD).

¹⁾ L. 98/2009, 7. gr.

■ **2. gr.**

□ [Ráðherra]¹⁾ skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins og annan til vara.

¹⁾ L. 126/2011, 68. gr.

■ **3. gr.**

□ Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast hluta Íslands í skuldbindingum sjóðsins allt að jafnvirði 25 milljóna dollara og að taka lán úr sjóðnum allt að sömu fjárhæð.